

ÉG GET FYLGT JESÚ KRISTI



Jesús þjónaði öðrum (sjá Jóhannes 13:5, 13-17). Ég get séð hvers fólk þarfnast og gert mitt besta til að koma til aðstoðar.



Jesús leyfði öðrum að vera með (sjá Markús 10:14). Ég get haft aðra með og verið vinur þeirra sem eru út undan.



Jesús bað fyrir öðrum (sjá 3. Nefí 17:15-18). Ég get talað við himneskan föður í bæn. Ég get líka beðið hann um að blessa aðra.



Jesús fyrirgaf öðrum (sjá Jóhannes 8:11). Ég get líka fyrirgefið öðrum. Og þegar ég tek ranga ákvörðun, get ég sagt „fyrirgefðu.“



Jesús kenndi fagnaðarerindið (sjá Matteus 5:1-9). Ég get sagt öðrum frá fagnaðarerindinu. Ég get kennt öðrum um Jesú.



Jesús var fullkomið fordæmi (sjá Jóhannes 13:15). Ég get gert mitt besta til að fylgja Jesú. Ég get líka verið öðrum fordæmi.